

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands. Umsagnir sem bárust nefndinni um málið voru jákvæðar.

Í frumvarpinu er lagt til að víkka úrræði stjórnar Lífeyrissjóðs bænda til að mæta breyttri stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg úttekt hefur sýnt að staða sjóðsins hefur versnað mjög á síðustu árum og að framtíðarskuldbindingar hans eru mjög þungar, svo sem lýst er í athugasemdum við frumvarpið. Þá eru einnig lagðar til breytingar sem taka mið af búvörusamningi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 27. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal,
form., frsm.

Dagný Jónsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Gunnar Birgisson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

Una María Óskarsdóttir.

Ögmundur Jónasson.

Helgi Hjörvar.